

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 25. febrúar 2026.

Mál nr. S-4399/2025:

Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Anna Guðbjörg Hólm Bjarnadóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

Frey Frímannssyni

(Gunnar Gíslason lögmaður)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem var dómtekið 30. janúar 2026, var höfðað með ákæru, útgefinni af lögrelustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 26. ágúst 2025, á hendur Frey Frímannssyni, kt. [...], [...],

I.

fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, sunnudaginn 22. september 2024, ekið bifreiðinni A sviptur ökurétti og undir áhrifum áfengis (í blóðsýni mældist vínandamagn 2,05%) um Sæbraut, í Reykjavík, á afrein Sæbrautar á leið til suðurs að Vesturlandsvegi, þar sem lögregla hafði afskipti af ákærða.

Telst háttsemi þessi varða við 1., sbr. 3., mgr. 49. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr., umferðarlaga nr. 77/2019.

II.

Fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, miðvikudaginn 11. desember 2024, ekið bifreiðinni A sviptur ökurétti og undir áhrifum áfengis (í blóðsýni mældist vínandamagn 0,92%) um Hjallahraun við KFC, í Hafnarfirði, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

Telst háttsemi þessi varða við 1., sbr. 2., mgr. 49. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr., umferðarlaga nr. 77/2019.

III.

Fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, föstudaginn 4. júlí 2025, ekið bifreiðinni A sviptur ökurétti og undir áhrifum áfengis (í blóðsýni mældist vínandamagn 1,31‰) um [...] í Reykjavík, þar sem lögregla hafði afskipti af ákærða.

Telst háttsemi þessi varða við 1., sbr. 3., mgr. 49. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr., umferðarlaga nr. 77/2019.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 99. gr. og 101. gr. laga nr. 77/2019.

2. Ákærði neitar sök samkvæmt ákæruliðum I og III, en játar sök samkvæmt ákærulið II. Ákærvaldið gerir sömu dómkröfur og í ákæru greinir. Ákærði krefst sýknu af þeim ákæruliðum sem hann neitar sök í, en vægustu refsingar sem lög leyfa hvað varðar ákærulið II. Þá er krafist málsvarnarlauna til handa skipuðum verjanda ákærða samkvæmt framlagðri tímaskýrslu og að málsvarnarlaun greiðist úr ríkissjóði.

Málsatvik

Ákæruliður I

3. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu, dagsettri 22. september 2024, veitti lögregla þann sama dag klukkan 12:31 bifreiðinni A athygli þar sem hún var illa staðsett á afrein Sæbrautar er liggur upp á Vesturlandsveg í austurátt upp Ártúnsbrekku. Í bifreiðinni var ákærði og tæplega tveggja ára sonur hans. Ákærði mun hafa greint lögreglu frá því að hann hafi verið að keyra, en drepist hafi á bifreiðinni. Hann hafi hringt á Vöku og biði eftir því að bifreiðin yrði sótt. Í viðræðum við ákærða vaknaði sá grunur lögreglu að hann væri undir áhrifum áfengis. Ákærði samþykkti að lokum eftir töluvert þóf og málalengingar að gangast undir öndunarpróf, er sýndi 2,24‰. Mun ákærði þá hafa viðurkennt að vera án ökuréttinda og að hafa drukkið kvöldið áður. Ákærði var í kjölfarið handtekinn og fluttur á lögreglustöðina við Hverfisgötu þar sem tekin voru úr ákærða blóðsýni.
4. Fyrir liggur upptaka úr búkmyndavél lögreglu frá vettvangi. Má þar sjá hvar ákærði situr í ökumannssæti bifreiðarinnar, sem er sendibíll með þremur sætum að meðtöldu ökumannssætinu. Í bifreiðinni við hlið hans situr einnig sonur ákærða í barnabílstól, að því er virðist í miðjusæti bifreiðarinnar en við hlið barnsins í sætinu út við dyr er nokkuð stór taska og ofan á henni lítið teppi sem álykta má að fylgi barninu. Á upptökunni má sjá ákærða afhenda lögreglu kveikjuláslykla bifreiðarinnar, sem voru í kveikjulásnum, en

áður hafði ákærði reynt að gangsetja bifreiðina að lögreglu viðstaddri. Á upptöku má sjá að barnsmóðir ákærða kemur á vettvang og sækir son þeirra og tekur þá barnið í fangið og bregður axlaról áðurnefndrar tösku upp á öxlina, og þá kemur einnig á vettvang bíll frá Vöku með dráttarbúnað. Heyra má ákærða á upptökunni ítrekað segja *ég veit upp á mig sökina*. Ákærði neitar í fyrstu að gangast undir öndunarpróf, en samþykkir það að lokum þegar barnið er farið af vettvangi. Ákærði var handtekinn og kynnt réttarstaða sakbornings að niðurstöðu prófsins fenginni. Á vettvangi bíður lögregla í dágóða stund eftir lögreglubíl svo ferja megi ákærða á lögreglustöð. Þegar verið var að undirbúa blóðsýnatöku áttu lögreglumenn í samskiptum við ákærða inni í fangaklefa og var kveikt á búkmyndavél annars lögreglumannsins sem ákærða var ljóst enda hafði hann orð á því. Við það tækifæri hafði ákærði frumkvæði að því að tala um sakarefnið án þess að lögreglumennirnir inntu hann eftir málsatvikum. Í þeim samskiptum viðurkenndi ákærði að hafa verið að drekka og lýsti undrun og að því er virðist hneykslun að hafa mælst með svo mikið alóhólmagn í öndunarsýni sem raun ber vitni og lýsir því hversu alvarlegt að hafi verið að vera með barnið með sér í bílnum og samsinnti því einnig við lögreglu um það hve alvarlegt það væri að hann hefði verið með son sinn í bifreiðinni.

5. Ekki er um það ágreiningur að ákærði hafi í umrætt sinn verið undir áhrifum áfengis. Fyrir liggur alkóhólákvörðun með gasgreiningu frá Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði. Niðurstaða þeirrar rannsóknar var að í blóði ákærða hefði mælst hæst 2,05‰.
6. Ákærði var færður til skýrslutöku hjá lögreglu síðar sama dag, 22. september 2024, klukkan 16:46. Í skýrslutökunni kvaðst ákærði í upphafi ekki hafa ekið bifreiðinni umrætt skipti, heldur hafi það verið félagi hans, B. Ákærði hefði, ásamt syni sínum og umræddum B, verið á leið í sund er bifreiðin hefði orðið bensínlaus. B, sem ekið hafi bifreiðinni, hafi farið að sækja bensín með bróður sínum sem hafi komið á vettvang. Ákærði bar um að hafa á meðan verið að reyna að gangsetja bifreiðina og færa hana. Aðspurður kvaðst hann hafa hringt í Vöku og óskað eftir því að bifreiðin yrði færð því hann hafi óttast að það myndi ekki virka að setja á bílinn bensín. Þegar rannsóknarlögreglumaðurinn lýsti þeirri skoðun að frásögn ákærða væri með ólíkindablæ og ótrúverðug og skoraði á ákærða að greina satt og rétt frá söðlaði ákærði um og kvaðst hafa ekið bifreiðinni, hann hefði verið einn í bifreiðinni, og orðaði það svo að hann ætlaði að *eigna* sér þetta. Hann hefði ekki vitað að mælast myndi í honum áfengi, en hann hefði drukkið nóttina áður.

Ákæruliður II

7. Ákærði hefur játað sök samkvæmt þessum ákærulið og vísast um málavexti til ákæru.

Ákæruliður III

8. Hinn 4. júlí 2025 barst lögreglu tilkynning um umferðarslys nærri Glæsibæ. Í tilkynningunni kom fram að bifreiðinni A hefði verið ekið aftan á bifreiðina C. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu, dagsettri sama dag, hitti lögregla fyrir á vettvangi ákærða og vitnið D, ökumann bifreiðarinnar C. Vitnið kvað bifreiðinni A hafa verið ekið aftan á bifreið hennar. Bifreiðin A hefði þó ekki stoppað þar sem óhappið varð heldur þess í stað ekið í kjölfarið að fjölbylishúsi við [...] skammt frá þar sem henni var lagt í stæði. Þar hefði ákærði stigið út úr bifreiðinni og átt í stuttum orðaskiptum við vitnið, meðal annars spurt hana „hvern andskotann ertu búin að gera?“ og „af hverju varstu að hægja á þér?“. Kvað vitnið ákærða hafa horfið um stund, en komið stuttu síðar til baka. Hafi ákærði þá sagst ekki hafa verið sá sem hefði ekið bifreiðinni. Kvaðst vitnið hafa veitt því athygli að í bifreið ákærða hefði verið um tveggja ára gamalt barn, en er ákærði hefði komið til baka, sbr. framangreint, hefði barnið verið horfið.
9. Í viðræðum við lögreglu á vettvangi kvað ákærði mann að nafni G hafa verið ökumann bifreiðarinnar A. G ynni fyrir ákærða, en aðspurður vildi ákærði ekki veita lögreglu nánari upplýsingar um þann mann en sagði hann hafa látið ákærða hafa kveikjulaslykla bifreiðarinnar eftir umferðaróhappið og síðan yfirgefið vettvang. Ákærði sagði G hafa sagt að bifreiðin C hefði stoppað skyndilega með þeim afleiðingum að G hefði ekið aftan á hana. Á vettvangi var ákærði fenginn til að blása í áfengismæli lögreglu, sem sýndi jákvæða niðurstöðu. Var ákærði í kjölfarið handtekinn grunaður um akstur undir áhrifum áfengis og færður á lögreglustöð. Þar gekkst hann undir blóðsýnatöku.
10. Ákærði var færður til skýrslutöku hjá lögreglu sama dag, 4. júlí 2025. Í upphafi skýrslutökunnar kvaðst ákærði koma af fjöllum. Hann hefði verið hjá móður sinni og hitt þar fyrir utan húsið ökumann bifreiðarinnar A, sem hefði látið hann hafa kveikjulaslyklana. Ákærði bar um að frænka hans hefði sótt son hans á leikskóla og skutlað til móður ákærða. Sérstaklega aðspurður vildi ákærði ekki greina frá því hver hefði ekið bifreiðinni. Um hefði verið að ræða *vinnukall* en frekari upplýsingar vildi hann ekki veita. Í kjölfar þess að rannsóknarlögreglumaður skoraði á ákærða að segja satt og rétt frá játaði ákærði á hinn bóginn að hafa ekið bifreiðinni umrætt sinn og að hann hefði verið undir

áhrifum áfengis. Hann hefði verið við vinnu í Hafnarfirði og þar fengið sér áfengi. Hann hefði því næst sótt son sinn úr pössun og hugðist aka honum til móður sinnar í [...]. Kvað hann aksturslag bifreiðarinnar C hafa valdið árekstrinum.

11. Líkt og í ákærulið I er hér ekki ágreiningur um að ákærði hafi umrætt sinn verið undir áhrifum áfengis. Liggur fyrir alkóhólákvörðun með gasgreiningu frá Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði. Niðurstaða þeirrar rannsóknar var að í blóði ákærða umrætt sinn hefði mælst hæst 1,31‰.

Skýrslur ákærða og vitna fyrir dómi

Ákæruliður I

12. Fyrir dómi greindi ákærði frá því að B, besti vinur hans, hefði ekið bifreiðinni umrætt sinn, en aðspurður kvað hann bifreiðina í eigu fyrrum vinnuveitanda síns. Þeir félagarnir hafi, ásamt syni ákærða, verið á leið í sund er bifreiðin hafi tekið að hiksta, líklega þar sem hún hafi verið orðin eldsneytislaus. Kvað ákærði ætlunina hafa verið að sækja eldsneyti á bensínstöð Atlantsólú þar skammt frá. Þar sem ekki hefði verið brúsi í bílnum hefðu þeir brugðið á það ráð að B myndi sækja í iðnaðarhúsnæði sem ákærði réði yfir á [...] brúsa sem hefði verið fullur af eldsneyti. Ákærði og sonur hans myndu bíða í bifreiðinni á meðan B færi fótgangandi upp á [...] til að sækja brúsann. Ákærði kvaðst jafnframt hafa hringt í Vöku og beðið um aðstoð til þess að flytja bifreiðina, en hún hefði verið illa staðsett á götunni og ákærði viljað koma henni burt sem fyrst. Kvaðst ákærði halda að hann hafi verið ölvaður, en hann myndi þó ekki fyllilega hvenær hann hefði síðast drukkið áfengi, líklegast þó nóttina áður.
13. Aðspurður kvaðst ákærði hafa á vettvangi sagst vita upp á sig sökina og að þetta hefði verið slæm hugmynd, og þá vísað til þess að hann hefði setið í öikumannssæti bifreiðarinnar er lögreglu bar að, sem hefði verið *vitleysa* og *hvatvísi* af hans hálfu. Borinn var undir ákærða framburður hans hjá lögreglu bæði á vettvangi og síðar í skýrslutöku, þar sem heyra mátti ákærða játa að hafa verið ökumaður bifreiðarinnar. Ákærði kvaðst ekki geta skýrt þennan framburð sinn á vettvangi, en líklegast mætti rekja hann til ölvunarástands hans. Þá hefði hann í skýrslutöku hjá lögreglu að lokum viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni því hann hefði viljað komast heim og *losna út* eftir að hafa verið lengi á lög-reglustöðinni.
14. Lögreglumaður nr. E gaf skýrslu fyrir dómi og staðfesti frumskýrslu. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða aka bifreiðinni, en er lögregla hefði nálgast bifreiðina hefði ákærði

ítrekað reynt að gangsetja bifreiðina. Vitnið kvað ákærða hafa á vettvangi greint frá því að hafa verið að keyra bifreiðina þegar skyndilega hafi drepist á henni. Hafi ákærði verið búinn að óska eftir aðstoð Vöku. Engin annar hefði verið á vettvangi eða komið þangað, nema sonur ákærða og síðar barnsmóðir hans sem hefði sótt drenginn, en ákærði hafi greint lögreglu frá því að þeir feðgar hafi verið á leið í sund. Vitnið kvaðst hafa verið töluverðan tíma á vettvangi. Ákærði hafi á vettvangi ekki minnst á að annar hafi verið í bifreiðinni, að undanskildum syni hans, en hefði svo minnst á það þegar á lögreglustöð var komið. Kvaðst vitnið telja ólíklegt að annar farþegi kæmist fyrir í umræddri bifreið, sem væri *iðnaðarbíll* og þar hafi að auki hefði verið barnabílstóll.

15. Lögreglumaður nr. F gaf skýrslu fyrir dómi og greindi frá því að ákærði hefði á vettvangi ekki minnst á að annar hefði verið með honum í bifreiðinni, að undanskildum syni hans. Taldi vitnið jafnframt ólíklegt að annar farþegi kæmist fyrir í bifreiðinni. Kvaðst vitnið hafa verið töluvert lengi á vettvangi, jafnvel klukkutíma, enda hafi þurft að bíða eftir barnsmóður ákærða til að sækja son þeirra, dráttarbil Vöku og síðar lögreglubíl til að ferja ákærða á lögreglustöð. Kvað vitnið engan annan hafa komið á vettvang.
16. Vitnið B kom fyrir dóm og kvaðst hafa verið sá sem ók bifreiðinni umrætt sinn. Hann væri vinur ákærða til 10 ára. Vitnið bar um að hafa verið þennan dag á rúntinum með bróður sínum þegar hann hafi fengið þá hugdettu að fara í sund með ákærða og syni hans. Hann hafi fengið far hjá bróður sínum heim til ákærða. Þaðan hefði hann ekið bifreið ákærða áleiðis í sund, enda hefði verið barnabílstóll í bifreið ákærða. Á leiðinni hafi bifreiðin tekið að hökta. Vitnið kvaðst hafa ætlað að aka á bensínstöð Atlantsolíu við Breiðholtsbraut, nærri Bústaðavegi, til að kaupa þar eldsneyti á bílinn en síðan ákveðið að fara á bensínstöð N1 á Ártúnshöfða. Það hefði ekki tekist og bifreiðin orðið eldsneytislaus og gefið sig á afrein upp að Ártúnshöfða. Þar sem vitnið hafi ekki verið með eldsneytisbrúsa hafi hann ákveðið að ganga að iðnaðarbili í eigu ákærða nærri [...], en vitnið hafi vitað af eldsneytisbrúsa þar. Á meðan áttu ákærði og sonur hans að bíða í bifreiðinni. Gangan hefði tekið um 20–30 mínútur hvora leið. Er vitnið hafi komið aftur á vettvang hafi enginn verið þar og ákærði ekki svarað símanum. Um tveimur til þremur dögum síðar hefði vitnið heyrt í ákærða, sem hafi þá skýrt vitninu frá því að hann hafi verið handtekinn. Aðspurður kvaðst vitnið ekki hafa spurt ákærða nánar út í tildrög þess.

Ákæruliður III

17. Fyrir dómi kvaðst ákærði ekki muna vel eftir atvikum umræddan dag. Hann hafi verið í bifreiðinni ásamt syni sínum og manni að nafni G, sem ekið hafi bifreiðinni. Þeir hafi ekið frá Hafnarfirði og verið á leið í [...] þar sem móðir ákærða er búsett. Ætlunin hafi verið að fara þangað í heimsókn og borða, en G hafi þó verið á leið heim til sín. Aðspurður kvaðst ákærði ekki vita hvar G ætti heima. Á leið þeirra í [...] hafi bifreið verið nauðhemplað fyrir framan þá og þeir hafnað aftan á henni. Ákærði kvað G hafa yfirgefið vettvang eftir að hafa stöðvað bifreiðina við fjölbýlishúsið þar sem móðir ákærða býr. Hann hefði látið ákærða hafa kveikjulaslykla bifreiðarinnar. Aðspurður kvaðst ákærði ekki vita ástæðu þess að umræddur G hafi horfið svo skyndilega af vettvangi, en kvaðst halda að hann hafi mögulega verið hræddur. Ákærði hafi farið með son sinn til móður sinnar í [...] og komið út aftur á bílastæðið og hitt þar fyrir vitnið D. Kvað ákærði líklegast að vitnið hafi talið ákærða ökumann bifreiðarinnar umrætt sinn þar sem þeir G væru líkir í útliti.
18. Nánar aðspurður út í umræddan G kvað ákærði hann hafa unnið fyrir [...], fyrirtæki í eigu fyrrverandi eiginkonu ákærða sem ákærði hefði sjálfur starfað fyrir. Þar hafi að jafnaði fái starfað, eða 1–2 verktakar ásamt ákærða. Ákærði kvaðst ekki vita hversu lengi G hefði starfað fyrir fyrirtækið, kannski í tvær vikur, en hann hefði horfið. Hann hefði hvorki mætt til vinnu né svarað símtölum eftir þetta og ákærði því ekkert heyrt frá honum síðan atvik þessa máls áttu sér stað. Fyrir dómi gat ákærði ekki veitt nánari upplýsingar um umræddan mann, svo sem fullt nafn hans eða aðrar persónuupplýsingar eða hvort hann væri yfir höfuð staddur hér á landi. Aðspurður kvaðst ákærði hafa drukkið áfengi, en mundi þó ekki hvenær. Hann mundi ekki hvert ölvunarástand hans hefði verið, en kvaðst minnst þess að hafa verið æstur. Borinn var undir ákærða framburður hans hjá lögreglu, þar sem hann játaði að hafa ekið bifreiðinni umrætt sinn og verið undir áhrifum áfengis. Kvaðst ákærði hafa játað slíkt þar sem hann hafi viljað komast heim enda hafi reynst honum erfitt að vera innilokaður á lögreglustöð. Af sömu ástæðu hafi hann ekki minnst á umræddan G í framburði sínum hjá lögreglu.
19. Lögreglumaður nr. H greindi frá því að hafa hitt fyrir á vettvangi ákærða og vitnið D. Vitnið hefði sagt ákærða hafa ekið bifreiðinni, en ákærði ekki kannast við það. Ákærði hefði verið ölvaður og með kveikjulaslykla bifreiðarinnar. Ákærði hefði sagt einstakling sem ynni fyrir hann hafa verið ökumann bifreiðarinnar. Lögreglumaðurinn bar um að hafa ítrekað beðið ákærða um nánari upplýsingar um manninn en ákærði ekki viljað veita

þær upplýsingar. Vitnið kvaðst einnig hafa rætt við móður ákærða, sem hafi sagt ákærða hafa komið með son sinn til hennar og síðar farið aftur.

20. Lögreglumaður nr. I greindi frá því að er hún hafi komið á vettvang hafi ákærði og vitnið D verið að ræða saman. Ákærði hafi sagt vinnufélaga sinn, mann með erlent nafn, hafa ekið bifreiðinni. Sá hefði látið ákærða hafa kveikjulaslykla bifreiðarinnar og farið af vettvangi. Ákærði hafi aðspurður ekki viljað veita lögreglu frekari upplýsingar um þann mann. Vitnið kvaðst hafa rætt við vitnið D á vettvangi, sem hafi greint frá því að hafa séð ákærða aka bifreiðinni, og síðar stíga úr bifreiðinni ökumannsmegin. Vitnið kvað ákærða hafa á vettvangi sagt í æsingi að hann hefði *klesst á hann*.
21. Vitnið D, ökumaður bifreiðarinnar C, kvað einstakling hafa ekið aftan á hana og stungið af. Hún hafi keyrt á eftir bifreiðinni inn á bílastæði og hafi ætlað að ræða við hann. Aðspurð kvaðst vitnið hafa séð að í bifreiðinni var einnig barn auk ökumannsins, en hún hefði ekki séð fleiri. Vitnið greindi frá því að hafa séð ákærða stíga út úr bifreiðinni úr ökumannsætinu. Ákærði hafi síðan gengið aftur fyrir bifreiðina að hinni hlið hennar en hafi því næst horfið fyrir horn á blokk þarna nærri. Hann hefði komið til baka stuttu síðar og vitnið þá tekið eftir því að barnið var horfið úr bifreiðinni. Ákærði hefði rætt við vitnið, hann hefði verið ógnandi og þrætt fyrir það að hafa ekið bifreiðinni og meðal annars beint þeirri spurningu að vitninu hvort hún gæti sannað að hann hefði verið ökumaður bifreiðarinnar. Því næst hafi lögregla mætt á vettvang.

Niðurstaða

22. Ákærði neitar sök hvað varðar ákæruliði I og III þar sem honum er gefið að sök að hafa ekið sviptur ökurétti og undir áhrifum áfengis. Varnir ákærða hverfast um að ósannað sé að hann hafi verið sá sem ók bifreiðinni umrædd skipti. Þess í stað hefðu aðrir menn gert það. Hvorugur ætlaðra ökumanna var á staðnum er lögregla hafði afskipti af ákærða.
23. Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákærvaldinu. Samkvæmt 1. mgr. 109. gr. sömu laga metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburður, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Þá metur dómari sönnunargildi framburðar ákærða, þar á meðal trúverðugleika hans, en við það mat skal meðal annars hugað að ástandi og hegðun hans við skýrslugjöf og stöðugleika í frásögn.

Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögnum segir meðal annars um ákvæðið að það geti gert framburð ákærða ótrúverðugan ef hann reynist óstöðugur, til dæmis ef hann ber allt annað fyrir dómi en hann hefur áður gert hjá lögreglu, án þess að viðhlítandi skýring komi fram á því. Samkvæmt 126. gr. sömu laga skal dómari, við mat á sönnunargildi vitnisburðar við úrlausn máls, meðal annars huga að afstöðu vitnis til ákærða og eftir atvikum brotþola, hagsmunum þess af málsúrslitum, þroska þess, áreiðanleika skynjunar þess á atvikum, minni, ástandi og hegðun þess við skýrslugjöf, öryggi þess og skýrleika í svörum og samræmi í frásögn.

24. Af framangreindu leiðir að dómari verður annars vegar að meta innra samræmi framburðar ákærða og vitna með tilliti til þess hvort mótsagna gæti í frásögn og skýringum, og á það jafnt við um innra samræmi fyrir dómi og hjá lögreglu og samræmi milli skýrslu hjá lögreglu og fyrir dómi. Á sama hátt verður að meta ytra samræmi, þ.e. hvernig framburður ákærða samræmist framburði vitna og öðrum þeim sönnunargögnum og upplýsingum sem komið hafa fram við málsmeðferð. Á þessum grunni verður metið hversu trúverðugur framburður er um einstök atriði sem áhrif geta haft við sakarmatið og hvaða áhrif niðurstaða þess mats hefur með tilliti til annarra sönnunargagna sem liggja fyrir.

Ákæruliður I

25. Ákærða er samkvæmt þessum ákærulið gefið að sök umferðarlagabrot, með því að hafa sunnudaginn 22. september 2024 ekið bifreiðinni A sviptur ökurétti og undir áhrifum áfengis um Sæbraut í Reykjavík, á afreið Sæbrautar á leið til suðurs að Vesturlandsvegi. Brotið er talið varða við 1., sbr. 3., mgr. 49. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr., umferðarlaga nr. 77/2019. Ákærði neitar sök og vísar til þess að annar maður, vitnið B, hafi ekið bifreiðinni umrætt sinn.
26. Líkt og rakið hefur verið hér að framan liggur fyrir frumskýrsla lögreglu, sem og upptökur úr búkmyndavél lögreglu bæði af vettvangi og á lögreglustöð síðar hinn sama dag. Í gögnum þessum kemur hvergi fram né verður séð að ákærði hafi greint frá því að hann hafi ekki sjálfur verið ökumaður bifreiðarinnar. Þvert á móti kemur fram í frumskýrslu lögreglu að ákærði hafi á vettvangi greint lögreglu frá því að hann hafi ekið bifreiðinni er drepist hafi á henni og að hann biði eftir aðstoð Vöku. Þá má á upptöku úr búkmyndavél lögreglu á vettvangi sjá hvar ákærði situr í ökumannssæti bifreiðarinnar að reyna að gangsetja hana. Einnig má heyra ákærða, bæði á upptöku úr búkmyndavél lögreglu á

vettvangi og síðar á lögreglustöð, segjast vita upp á sig sökina. Fyrir dómi kvaðst ákærði ekki vita ástæðu þess að hann hafi ekki greint lögreglu frá því á vettvangi að annar hafi ekið bifreiðinni, en kvaðst telja að líklega mætti rekja það til ölvunarástands hans.

27. Því verður enn fremur að halda til haga að glöggst sést á upptöku úr bókmyndavél lögreglumanns að nokkuð þröngt er við hægri hlið barnabílstóls sonar ákærða fyrir mann eins og ákærða að sitja en ákærði er ríflega meðalmaður á hæð og næsta þrekvaxinn. Einnig er til þess að líta að í sætinu hægra megin við barnabílstólinn var taska með búnaði sem fylgdi barninu eftir sem draga má ályktun af þar sem móðir barnsins setti teppi þess ofan í töskuna og axlaði þá byrði um leið og hún tók drenginn í fangið og tók þannig töskuna með sér. Eftir að barnabílstóllinn, barnið og taskan höfðu verið fjarlægð var hvergi í bifreiðinni að sjá sundtöskur eða sundföt því til merkis að ákærði hefði ásamt félagamönnum sínum og barninu verið á leið í sund.
28. Það var fyrst við skýrslutöku hjá lögreglu síðar sama dag sem ákærði hélt því fram að vitnið B hefði verið ökumaður bifreiðarinnar. Ákærði féll raunar frá þeim framburði síðar í lok skýrslutökunnar og kvaðst sjálfur hafa ekið bifreiðinni. Framburður ákærða fyrir dómi var í meginatriðum í samræmi við fyrri hluta framburðar hans hjá lögreglu þess efnis að vitnið B hefði ekið bifreiðinni umrætt sinn allt þar til hann venti kvæði sínu sjálfur í kross og játaði að hafa ekið bifreiðinni. Ákveðins ósamræmis gætir þó í framburði ákærða um þátt B er lýtur að ákveðnum þáttum í skýrslugjöf hjá lögreglu og fyrir héraðsdómi. Þannig skýrði ákærði frá því í skýrslutöku hjá lögreglu að bróðir B hefði komið á vettvang í kjölfar þess að bifreiðin hefði stöðvast sökum eldsneytisleysis og þeir bræður farið saman að sækja eldsneyti. Fyrir dómi minntist ákærði aftur á móti ekki á slíkt heldur kvað hann B hafa farið fótgangandi að sækja eldsneytisbrúsa. Á sama hátt gætir í þessum efnum ósamræmis milli framburðar ákærða í skýrslutöku hjá lögreglu og framburðar vitnisins B fyrir dómi sem minntist ekki á að bróðir hans hefði átt hlut að máli með þessum hætti.
29. Við mat á sönnunargildi framburðar ákærða er jafnframt til þess að líta að framburður hans hefur verið verulega óstöðugur og töluvert á reiki, eins og að framan hefur verið rakið. Þannig verður ekki annað ráðið af frumskýrslu lögreglu sem og upptökum úr bókmyndavél lögreglu en að ákærði hafi viðurkennt á vettvangi að hafa ekið bifreiðinni og á sama veg bar hann um í samskiptum við lögreglu í tengslum við blóðsýnatöku. Í yfirheyrslu hjá lögreglu á hinn bóginn neitaði ákærði því í fyrstu að hafa ekið og benti á vitnið B sem ökumann bifreiðarinnar allt þar til hann söðlaði um að nýju síðar í sömu

skýrslutöku og viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni. Fyrir dómi vendir ákærði kvæði sínu aftur í kross og byggir á að vitnið B hafa ekið bifreiðinni.

30. Ákærði hefur að mati dómsins ekki gefið trúverðugar skýringar á reikulum og breyttum framburði hjá lögreglu og fyrir dómi. Hefur ákærði borið um að hann hafi sökum ölvunarástands ekki skýrt lögreglu frá því á vettvangi að hann hafi ekki verið ökumaður bifreiðarinnar umrætt sinn. Af sömu ástæðu hafi ákærði í lok skýrslutöku hjá lögreglu játað að hafa ekið bifreiðinni. Hvorki verður ráðið af upptöku úr búkmyndavél á vettvangi né upptöku af skýrslutöku lögreglu að ákærði hafi verið undir svo augljósum áfengisáhrifum að það hafi hamlað honum að eiga í samræðum við lögreglu. Í skýrslutöku hjá lögreglu, sem fram fór rúmum fjórum tímum eftir að lögregla hafði fyrst afskipti af ákærða á vettvangi, virðist ákærði vel áttaður, nokkuð skýr í máli og þess umkominn að svara spurningum lögreglu. Þótt ákærði virki heldur þreytulegur og á sama tíma ör þykir ekki mega ráða að hann hafi verið undir slíkum áfengisáhrifum að líta beri alfarið framhjá framburði hans hjá lögreglu. Sú skýring ákærða er jafnframt haldlaus að honum hafi verið það svo brýnt að losna út af lögreglustöðinni að hann hefði játað ranglega á sig sakir.
31. Sá framburður vitnisins B að hann hafi verið sá sem ekið hafi bifreiðinni er í flestum atriðum í mjög góðu samræmi við framburð ákærða fyrir dómi um atvik og bar hvergi á missögnum eins og þeim sem ákærði hafði fram að því viðhaft á vettvangi, á lögreglustöð og við skýrslugjöf hjá lögreglu. Við mat á framburði vitnisins B er þó til þess að líta að hann er vinur ákærða. Þannig kom fram í framburði ákærða sjálfs að vitnið væri besti vinur hans, og þá kvað vitnið ákærða vera vin sinn til 10 ára.
32. Framangreindu til viðbótar þykja framburðir ákærða, sem og vitnisins B, að mati dómsins um margt ótrúverðugir. Þannig þykir framburður vitnisins B um tildrög þess að hann hafi umræddan dag ekið bifreið ákærða áleiðis í sund heldur langsóttur. Sú skýring að ákveðið hafi verið að fara á vinnubifreið ákærða þar sem þar hafi barnabílstól verið að finna á vart við rök að styðjast enda augljóst að lítið mál var að losa stólinn og færa milli bíla eins og gert var á vettvangi er móðir barnsins sótti það og sjá má af upptöku úr búkmyndavél. Vitnið skýrði jafnframt frá því að hann hefði verið á rúntinum með bróður sínum er hann hefði skyndilega fengið þá hugdettu að fara í sund með ákærða og þá með ungu barni hans á sama tíma og ákærði var verulega ölvaður. Til þess að hugdettan geti átt við rök að styðjast hefði vitnið þurft að hafa allan sundbúnað og sundfatnað tiltækan í bifreið bróður síns sem hann hefði þá væntanlega tekið með sér er hann lagði

fótgangandi af stað í leit að eldsneytisbrúsa í iðnaðarhúsnæði í 20–30 mínútna göngufjarlægð þar sem engan slíkan búnað gat að líta í sendiferðabifreiðinni svo séð verði á upptökum úr búkmyndavélum lögreglu, og þá ekki heldur sundfatnað og búnað ákærða og sonar hans. Þá er sú frásögn með nokkrum ólíkindablæ að allsgáður maður skilji drukkinn mann ásamt barni eftir í óökuhæfri bifreið á aðrein á fjölfarinni götu þar sem töluverð umferð var á þessum tíma á meðan hann leggur í gönguferð sem fyrirsjáanlega tekur hann sem næst klukkustund. Jafnframt þykir heldur mótsagnakennt að B hafi ekkert heyrt í ákærða í kjölfar atvika þessa dags, sem þó hljóta að hafa verið afar sérstæð upplifun, né að þeir hafi ekki átt í samskiptum fyrr en 2–3 dögum síðar og að vitnið hafi hvorki þá né síðar spurt ákærða nánar út í þau atvik eftir því sem hann bar um fyrir dómi. Í þessu ljósi og þá sérstaklega ítrekaðra játninga ákærða hjá lögreglu verður ekki á það fallist að í því hafi falist ágalli á rannsókn málsins að ekki hafi verið tekin skýrsla af B hjá lögreglu enda féll ákærði frá framburði sínum hjá lögreglu um að B tengdist málinu.

33. Framburður ákærða og vitnisins B samræmist einnig illa framburði lögreglumanna sem voru á vettvangi. Lögreglumennirnir greindu frá því að á meðan á aðgerðum þeirra stóð á vettvangi hefði engan borið þar að nema barnsmóður ákærða sem ákærði hringdi augljóslega í til að fá hana til að sækja drenginn. Ekki verður séð á upptöku úr búkmyndavél að ákærði hringi í aðra en hana að lögreglu viðstaddri. Lögreglumennirnir báru um að hafa verið þarna í töluverðan tíma, hátt upp í klukkustund, fyrst vegna aðgerða gagnvart ákærða og svo hafi þeir beðið á meðan dráttarbíll frá Vöku fjarlægði bifreiðina auk þess sem þeir biðu eftir aðstoð annarra lögreglumanna til að ferja ákærða á lögreglustöð þar sem lögreglumennirnir sem höfðu afskipti af ákærða voru á mótorhjólum. Þegar horft er til þessa hefði mátt vænta þess að vitnið B hefði verið kominn til baka úr eldsneytisleiðangri sínum áður en lögregla lauk aðgerðum sínum en B bar um að engan hefði verið að sjá þegar hann kom. Þá verður ekki heldur framhjá þeirri mótsögn litið í þessu tilliti að ákærði hefur borið um það að hann sjálfur hafi hringt eftir aðstoð Vöku til að færa bifreiðina sem samrýmist illa þeim framburði ákærða og vitnisins B að ákærði hefði verið að bíða eftir því að vitnið kæmi til baka með eldsneyti á bílinn. Báðir lögreglumennirnir báru ennfremur um það að þeim hefði þótt ólíklegt að annar farþegi kæmist fyrir í bifreiðinni vegna bílstóls barnsins. Vafa í þessum efnum verður að túlka ákærða í vil en í ljósi þess að ákærði og vitnið B sem báðir eru hávaxnir

og þrekvaxnir menn er þess að vænta að næsta illa hefði farið um þá og plássið verið knappt.

34. Þegar lítið er heildstætt til þess sem að framan er rakið eru að mati dómsins ekki forsendur til að leggja framburð ákærða og vitnisins B sem kom fyrst fram fyrir dómi til grundvallar um að ákærði hafi ekki ekið bifreiðinni í þetta sinn. Þegar horft er til ítrekaðra játninga ákærða, bæði á vettvangi og í skýrslugjöf, um að hann hafi ekið bifreiðinni sem eru að auki í samræmi við sýnileg sönnunargögn þar sem ákærði var undir stýri með ungt barn sér við hlið og farangur þess í sætinu við hlið þess er lögregla hafði afskipti af honum verður að telja að nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sbr. 109. gr. laga nr. 88/2008, sé komin fram fyrir því að ákærði hafi ekið bifreiðinni umrætt sinn, sviptur ökurétti og undir áhrifum áfengis. Miðað verður við að vínandamagn í blóði ákærða hafi verið 2,05%, svo sem framlögð alkóhólákvörðun Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði ber með sér. Telst því sannað að ákærði hafi gerst sekur um þau brot sem í ákærulið I greinir og eru brot hans réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákæruliður II

35. Ákærði játar sök samkvæmt þessum ákærulið og telur dómurinn ekki ástæðu til að draga í efa að játningin sé sannleikanum samkvæm. Þykir sannað með játningu hans og öðrum gögnum málsins að hann er sekur um þá háttsemi sem honum er þar gefin að sök og eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru. Sakargiftir samkvæmt þessum ákærulið verða þannig teknar til dóms án sérstakrar sönnunarfærslu, sbr. 164. gr. laga um meðferð sakamála.

Ákæruliður III

36. Ákærða er samkvæmt þessum ákærulið gefið að sök umferðarlagabrot, með því að hafa föstudaginn 4. júlí 2025 ekið bifreiðinni A sviptur ökurétti og undir áhrifum áfengis um [...] í Reykjavík. Er brot hans talið varða við 1., sbr. 3., mgr. 49. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr., umferðarlaga nr. 77/2019. Ákærði neitar sök og vísar til þess líkt og í ákærulið I að annar maður, í þessu tilviki að nafni G, hafi ekið bifreiðinni.
37. Framburður ákærða hefur verið nokkuð óstöðugur um hver ók bifreiðinni umrætt sinn. Líkt og rakið hefur verið játaði ákærði að endingu í skýrslutöku hjá lögreglu að hafa ekið bifreiðinni í kjölfar þess að rannsóknarlögreglumaður skoraði á ákærða að segja satt og

rétt frá. Áður hafði ákærði, líkt og hann gerði á vettvangi, kveðið G, samstarfsmann sinn, hafa ekið bifreiðinni. Um ástæður þess að ákærði hafi greint lögreglu frá því að endingu að hafa ekið bifreiðinni vísaði ákærði til þess, líkt og í ákærulið I, að hann hafi viljað komast heim. Sú skýring ákærða þykir með öllu haldlaus og hefur ákærði ekki gefið trúverðugar skýringar á breyttum framburði hjá lögreglu og fyrir dómi.

38. Þá þykir framburður ákærða, þess efnis að umræddur G hafi ekið bifreiðinni og síðan skyndilega horfið af vettvangi, einkar ótrúverðugur og nánast fjarstæðukenndur enda virðist ákærði engin deili kunna á þeim manni þrátt fyrir að hafa haft hann að sögn sem starfsmann. Þá gæti sömuleiðis ósamræmis í lýsingum ákærða á atvikum í skýrslutöku hjá lögreglu og fyrir dómi. Þannig verður helst ráðið af framburði ákærða hjá lögreglu að hann hafi verið hjá móður sinni í [...] er umræddan G bar að garði með kveikjulaslykla bifreiðarinnar, andstætt því sem ákærði bar um fyrir dómi. Eins bar ákærði um hjá lögreglu að frænka hans hefði sótt son hans á leikskóla og skutlað til móður ákærða, en fyrir dómi skýrði ákærði frá því að sonur hans hefði verið með í umræddri bílferð, þvert á það sem áður kom fram í skýrslutöku hjá lögreglu.
39. Einnig stangast framburður ákærða á við framburð vitnisins D, sem bar afdráttarlaust um að hafa fylgt bifreið ákærða eftir þegar hann hafði ekið á bifreið hennar og séð ákærða stíga út úr bifreiðinni ökumannsmegin eftir að hafa lagt henni í bifreiðastæði. Vitnið bar um að hún hefði ekki séð aðra í bifreiðinni en ákærða og barn í bílstól. Lögreglumenn á vettvangi báru báðir fyrir dómi um að vitnið hefði greint frá því á vettvangi að ákærði hefði ekið bifreiðinni.
40. Fyrir liggur samkvæmt frumskýrslu lögreglu, sem og framburðum lögreglumanna fyrir dómi, að ákærði neitaði aðspurður á vettvangi að veita lögreglu frekari upplýsingar um umræddan G. Á sama hátt neitaði ákærði að veita frekari upplýsingar um hann í skýrslutöku hjá lögreglu. Fyrir dómi gat ákærði sömuleiðis ekki veitt nánari upplýsingar um hann. Fram kom þó að maður þessi átti að hafa unnið um stuttan tíma ásamt ákærða fyrir fyrirtæki í eigu fyrrverandi eiginkonu ákærða sem hann bar um að hefði að jafnaði afar fáa starfsmenn. Þykir að mati dómsins næsta ótrúverðugt að ákærði geti ekki veitt aðrar upplýsingar um umræddan mann en skírnarnafn, mann sem þó hefði átt að hafa verið að vinna með honum og átt slíkt samneyti með ákærða að maðurinn hefði ekið honum til að sækja son hans á leikskóla og svo áleiðis heim til móður ákærða þar sem þeir hefðu lent í umferðaróhappi skammt frá. Telja verður að það ætti að vera ákærða útlátalaust og hagfellt að veita lögreglu upplýsingar um títtnefndan G, sem einn hefði

getað staðfest framburð ákærða þess efnis að hann hefði ekki ekið bifreiðinni umrætt sinn. Ákærði hefur ekki veitt trúverðugar skýringar á ástæðum þess að hann neitaði í öndverðu að veita lögreglu umbeðnar upplýsingar um manninn og hefur síðan borið um að vera það ókleift sökum ókunnugleika á nefndum manni. Verður í þessu ljósi ekki á það fallist að það hafi verið ágalli á rannsókn lögreglu að ekki var haft uppi á manni sem bæri fornafnið G, sem ekkert annað var vitað um, eins og haldið var fram við munnlegan málflutning af hálfu ákærða.

41. Samkvæmt framansögðu þykir framburður ákærða um að hann hafi ekki ekið bifreiðinni, heldur maður að nafni G, einkar ótrúverðugur auk þess sem hann samrýmist hvorki framburðum lögreglumanna sem komu á vettvang né vitnisins D sem báru um að ekkert hefði bent til þess að annar en ákærði hefði ekið bifreiðinni.
42. Verður samkvæmt framansögðu og með vísan til skýrs framburðar vitnisins D og lögreglumanna nr. H og I talið að nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sbr. 109. gr. laga nr. 88/2008, sé komin fram fyrir því að ákærði hafi ekið bifreiðinni umrætt sinn, sviptur ökurétti og undir áhrifum áfengis. Miðað verður við að vínandamagn í blóði ákærða hafi verið 1,31%, svo sem framlögð alkóhólákvörðun Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði ber með sér. Telst því sannað að ákærði hefi gerst sekur um það brot sem í ákærulið III greinir og er brot hans réttilega heimfært til refsíákvæða í ákæru.

Ákvörðun refsingar

43. Ákærði hefur samkvæmt framansögðu verið sakfelldur fyrir að aka undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti í þrjú aðgreind skipti.
44. Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 13. október 2025, á ákærði nokkurn sakaferil að baki sem nær aftur til ársins 2006. Frá þeim tíma hefur ákærða ítrekað verið gerð refsing vegna bæði aksturs sviptur ökurétti og aksturs undir áhrifum áfengis og/eða ávana- og fíkniefna. Verður við ákvörðun refsingar við það miðað að ákærði sé nú í sjötta sinn fundinn sekur um bæði akstur undir áhrifum áfengis og/eða ávana- og fíkniefna og akstur sviptur ökurétti.
45. Með vísan til framangreinds, sakarefnis þessa máls, dómvenju og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 16 mánuði. Með vísan til dómvenju eru ekki efni til að skilorðsbinda refsinguna. Þá er með vísan til lagaákvæða í ákæru ævilöng svipting ökuréttar ákærða áréttuð frá birtingu dómsins að telja.

46. Vegna framangreindrar niðurstöðu og með vísan til 1. mgr. 235. gr., sbr. og 1. mgr. 233. gr., laga nr. 88/2008 verður ákærða gert að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnars Gíslasonar lögmanns, sem þykir út frá eðli og umfangi máls, sem og með nokkurri hliðsjón af framlagðri tímaskýrslu verjanda, hæfilega ákveðin 636.120 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá verður ákærði jafnframt dæmdur til að greiða annan sakarkostnað málsins sem samkvæmt yfirliti ákæruvaldsins er 194.988 krónur.
47. Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Anna Guðbjörg Hólm Bjarnadóttir saksóknarfulltrúi.

Björn L. Bergsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Freyr Frímansson, sæti fangelsi í 16 mánuði.

Áréttuð er ævilöng svipting ökuréttar ákærða frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Gunnars Gíslasonar lögmanns, 636.120 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og 194.988 krónur í annan sakarkostnað.

Björn L. Bergsson